

151. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn þriðjudaginn 30.12. 2025, kl. 10.30 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Heiðar Magnússon,
Bárður Guðmundsson,
Oddur Orri Brynjarsson,
Ægir Ægisson,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

Í upphafi fundar sagði formaður frá því að bæjarstjórn Snæfellsbæjar hafi á fundi þann 17. nóvember 2025, ráðið Þórð Tryggva Stefánsson í starf hafnarstjóra Snæfellsbæjar. Þórður hóf störf um s.l. mánaðarmót en tekur formlega við sem hafnarstjóri þann 1. febrúar 2026. Formaður býður Þórð velkominn til starfa.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 27.08. 2025, varðandi samþykkt bæjarráðs á fundargerð 150. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf frá bæjarritara dags. 15.10. 2025, varðandi kosningu bæjarstjórnar á Margréti Sif Sævarsdóttur sem varamanns í hafnarstjórn í stað Michael Gluszek. Lagt fram til kynningar.
3. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 474 dags. 22.08., nr. 475 dags. 10.09., nr. 476 dags. 22.10. og nr. 477 dags. 18.11. 2025. Lagt fram til kynningar.
4. Tölvupóstur frá Hafnasambandi Íslands dags. 19.11. 2025. Meðfylgjandi eru tvö minnisblöð, dags. 14.11. 2025, varðandi ábendingar vegna óska tolyfírvalda eftir upplýsingum og hugsanlegu aðgengi að rafrænum eftirlitskerfum hafna og minnisblað dags. 17.11. 2025, varðandi lagabreytingar tengt rafrænu eftirliti í höfnum. Hafnarstjóri fór yfir og kynnti helstu atriði minnisblaðanna. Lagt fram til kynningar.
5. Gjaldskrá hafnarsjóðs fyrir árið 2026. Hafnarstjóri kynnti gjaldskrána og fór yfir helstu liði hennar. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
6. Fjárhags og framkvæmdaáætlun hafnarsjóðs fyrir árið 2026. Hafnarstjóri kynnti áætlunina og fór yfir helstu liði hennar. Fjárhags og framkvæmdaáætlunin samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.35

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Bárður Guðmundsson,
Heiðar Magnússon,
Ægir Ægisson,
Oddur Orri Brynjarsson,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.